

Vilborg Halldórsdóttir leikur Lóu í Silfurtunglinu sem frumsýnt er hjá L.A. fyrir norðan annað kvöld.



Gunnar Örn hefur sýningu á Listasafni ASÍ nú um helgina. Myndin sýnir listamanninn innfelldan í vinnustofu sína.

## LEIKLIST

### Brynjuskottur

Skottuleikur eftir Brynju Benediktsdóttur, fyrir börn og fullorðna. Revíuleikhúsið í Breiðholtsskóla (við Arnarbakka). LA: 15.00, SU: 16.

### Kardimommur

Villihunang, gamanleikur Tsékoffs, SU: 20.00, Íslandsklukkan FÖ: 20.00, Með vífið í lúkunum LA: 20.00, 23.30, Kardimommubærinn SU: 14.00. Þjóðleikhúsið.

### Ásta

Reykjavíkursögur Ástu í leikgerð Helgu Bachmann, Kjallaraleikhúsinu Vesturgötu 3, LA: 17:00, SU: 17:00.

### Sex og landið

Sex í sama rúmi, ærslaleikur, LA: 20:30 (uppselt), Land míns föður FÖ: 20.30, SU: 20.30 (uppselt á báðar) – síðustu sýningar í Iðnó.

### Rannsí, Fána-Páll og fleiri

Rauðhóla-Rannsí frumsýnd í Gamla bíói. Hitt leikhúsið. Leikstjóri Páll Baldvin Baldvinsson. Leikarar: Edda Heiðrún Bachmann, Leifur Hauksson, Kolbrún Halldórsdóttir, Guðjón Petersen og fleiri. FÖ: 21.00, SU: 20.30.

### Silfurtungl yfir Akureyri

Frumsýning á Akureyri: Silfurtunglið eftir Halldór Laxness. Leikstjóri Haukur J. Gunnarsson, leikmynd Örn Ingi, leikarar: Vilborg Halldórsdóttir, Theódór Júlíusson, Ellert A. Ingimundarson, Árni Tryggvason, Sunna Borg, Marinó Þorsteinsson, Pétur Eggerz, Þráinn Karlsson og fleiri. FÖ: 20.30. Jólaævintýrið SU: 16.00.

## TÓNLIST

### Valgeir og vísnamenn

Mánudagskvöld verður á Hótel Borg fyrsta vísnakvöld ársins hjá Vísnavinum. Fram koma m.a.: Valgeir Guðjónsson, Hjörtur Pálsson, Þorvaldur Örn Árnason, Hvíbandið, Steinn Kárason. Vísnavinir halda annars árshátíð á Gauki á Stöng laugardag eftir aðalfund sinn.

### Gunni á Broadway

Sungið úr söngbók Gunnars Þórðarsonar á Broadway á laugardagskvöld. Gunnar sjálfur með helstu skallapoppurum landsins.

### Stefán í Norræna

Í tengslum við tónlistarsýninguna í Norræna húsinu flytur Stefán Edelstein skólastjóri Tónmenntaskólans í Reykjavík tvo stutta fyrirlestra: Gildi og tilgangur tónlistaruppeldis, Börn og tónlist. SU: 17.00

## MYNDLIST

### Ísafjörður – Holland

Í Slunkaríki stendur nú yfir sýning myndlistarmanna erlendra sem starfað hafa í Hollandi. Á annarri viku sýningarinnar eru sýnd verk Morten Thomsens frá Danmörku. Virka: 16–18, helgar: 15–18.

### Konur í Gerðubergi

Seinni hluti sýningar á verkum sem Reykjavíkurborg á eftir konur, og eru nú sýnd í Gerðubergi verk eftir samtíðarmenn, málverk, grafík og fleira. Verkin eru eftir þessar konur: Ásu Ólafsdóttur, Ásgerði Búadóttur, Björgu Þorsteinsdóttur, Guðmundu Andrésdóttur, Ingunni Eydal, Jóhönnu Bogadóttur, Karen Agnete Þórðarson, Karolínu Lárusdóttur, Kristínu Jónsdóttur, Louisu Matthíasdóttur, Margréti Jóelsdóttur, Ragnheiði Jónsdóttur, Sigrid Valtingojer, Sigrúnu Guðjónsdóttur, Sólveigu Eggerz Pétursdóttur, Svölu Þórisdóttur og Þorbjörgu Höskuldsdóttur. Stendur til 15. febrúar.

### Gunnar Örn hjá ASÍ

Í Listasafni Íslands hefst í dag sýning Gunnars Arnar, 40 málverk og fimm skúlptúrar. 18. einkasýning Gunnars sem er að verða einn af virtustu ungum myndlistarmönnum. Virka: 16–20, helgar: 14–22.

### Þór í Nýló

Þór Vigfússon sýnir skúlptúra í Nýlistasafninu Vatnsstíg. Síðasta sýningarhelgi, lýkur miðvikudag. Virkir: 16–20, helgar 14–20.

### Guðrún í Alþýðubanka

Í Alþýðubankanum á Akureyri sýnir Guðrún Leópoldsdóttir verk sín.

### Valgarður í Einingu

Í afgreiðslusal Verkalýðsfélagsins Einingar á Akureyri sýnir Valgarður Stefánsson verk sín.

### Kjarval

Háholt í Hafnarfirði sýnir Kjarvalsmyndir. Opið frá 14–19.

### Einar

Listasafn Einars við Njarðargötu er opið laugardaga og sunnudaga frá 13.30–16. Höggmyndagarðurinn við Freyjugötu opinn daglega frá kl. 10–17.

### Ásgrímur

Ásgrímssafnið opið í vetur þriðjudaga, fimmtudaga og sunnudaga frá kl. 13.30–16.

### Kjarval

Kjarvalssýning Kjarvalsstöðum 14–22.

### Silfurbjört

Bogasalur Þjóðminjasafnsins opinn daglega kl. 13.30–16. Þar stendur yfir sýningin Með silfurbjarta nál. Verk íslenskra hannyrðakvenna.

### Verkstæði

Verkstæði Þingholtsstræti 28 er opið virka daga frá 10–18 og laugardaga frá 14–16.

### Mokka

Helgi Örn Helgason sýnir á Mokka smámyndir af ýmsu tagi.

## ÝMISLEGT

### Hananú

Frístundaklúbburinn Hananú, Kópavogi: Vikuleg laugardagsganga, lagt af stað kl. 10.00 frá Digranesvegi 12. Allir Kópavogsbúar velkomnir.

### Indverskt á Kráku

Á veitingastaðnum Krákunni (horni Laugavegar og Klapparstígs) hefur störf um helgina indverski gestakokkurinn Mahesh M. Kale, og má héðanaf gæða sér á indverskum krásum auk annars lostætis úr ýmsum heimshornum.

### Þorri hefst á Naustinu

Þorrinn hefst í næstu viku, en á Naustinu strax núna um helgina. Naustið er brautryðjandi þorrablóta og heldur nú uppá 30 ára þorrablótsafmæli. Súrmeti vel súrt, breiðfirskir selshreifar, vestfirskur hákarl og svo framvegis. Sérstök skemmtidagskrá nú um helgina: Helgi, Hermann Ingi og Jónas Þórir flytja þorralög með aðstoð gesta. Hljómsveit Jónasar Þóris leikur fyrir dansi.

### Afmælisfundur Kvenréttindafélagsins

Mánudagskvöld kl. 19.30: Afmælisfundur Kvenréttindafélags Íslands. Rætt um skólahald, starfsfræðslu og kynskiptingu. Fimm erindi. Þará meðal talar Þórarinn V. Þórarinsson aðstoðarframkvæmdastjóri VSÍ um náms- og starfsval frá sjónarhóli atvinnurekandans. Í Menntaskóla var Þórarinn V. eittsinn kjörinn skemmtilegasti maður skólans.



Hitt leikhúsið frumsýnir Rauðhóla-Ransý í kvöld. Hér sjást Kolbrún Halldórsdóttir og Edda Heiðrún Backman á æfingu.